

Evans gegn Bretlandi

Dómur frá 10. apríl 2007 – Yfirdeild

Mál nr. 6339/05

2. gr. Réttur til lífs

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Tæknifrjövgunarmeðferð. Fósturvísar. Samþykki.

1. Málsatvik

Kærandi, Natallie Evans, er breskur ríkisborgari, fædd 1971 og búsett í Wiltshire. Sumarið 2000 fóru kærandi og þáverandi sambýlismaður hennar, J, í frjösemissmeðferð. Meðan á meðferðinni stóð uppgötvaðist að kærandi var með krabbamein á frumstigi í eggjaleiðurum. Árið eftir, áður en eggjaleiðarar kæranda voru fjarlægðir, voru egg úr henni frjövguð með sæði J og fósturvísarnir settir í geyslu. Fyrir frjövgunina var kæranda og J tilkynnt að hvort þeirra um sig gæti afturkallað samþykki sitt áður en fósturvísunum væri komið fyrir í legi kæranda. Sambandi kæranda og J lauk í maí 2002 og afturkallaði J samþykki sitt fyrir geyslu og notkun fósturvísanna. Meðferðaraðilinn tilkynnti þá kæranda að honum væri skylt að eyða fósturvísunum. Kærandi gerði þá kröfu fyrir innlendum dómstólum að J yrði gert að veita samþykki sitt fyrir notkun fósturvísanna enda væri það eini möguleiki hennar til að eignast barn sem væri líffræðilega skylt sér. Þeirri kröfu var hafnað. Í kjölfar þess að kærandi leitaði til Mannréttindadómstólsins beindi dómstóllinn þeim tilmælum til Bretlands að beðið yrði með að eyða fósturvísunum þar til fjallað hefði verið um mál hennar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að komið hefði verið í veg fyrir að hún gæti nokkru sinni eignast barn sem væri líffræðilega skylt sér. Hélt hún því fram að með því að meina henni að nýta fósturvísana og vegna þess að til stæði að eyða þeim hefði verið brotið á rétti fósturvísanna til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Þá hélt hún því fram að brotið hefði verið gegn rétti sínum samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Það var einróma álit deildar dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti fósturvísanna samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Þá var það álit meirihlutans að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. eða 14. gr. Dómstóllinn fór þó fram á að varðveislu fósturvísanna yrði haldið áfram þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 2. gr.: Það var álit dómstólsins að fósturvísarnir sem slíkir ættu ekki rétt til lífs í skilningi 2. gr. sáttmálans og því hefði ekki verið brotið gegn þeirri grein.

Um 8. gr.: Það var álit dómstólsins að réttur kæranda til að verða líffræðilegt foreldri félli undir gildissvið 8. gr., jafnvel þótt henni stæðu aðrar leiðir, eins og ættleiðing eða gjafaegg, til boða. Þá tók dómstóllinn fram að hagsmunir J og kæranda af málinu væru algerlega öndverðir og því væri sama að hvaða niðurstöðu hann kæmist, hagsmunir annars hvors þeirra yrðu að víkja. Tekið var fram að dómstóllinn, líkt og aðrir sem fjallað hefðu um málið, hefði ríka samúð með kæranda. Hins vegar féllst dómstóllinn ekki á að hagsmunir hennar ættu að vega þyngra en hagsmunir J af því að eignast ekki barn með henni. Í trausti þess að samband hennar við J myndi endast hefði kærandi ekki leitað annarra leiða til að frjövga eggin og hefði hún vitað frá upphafi að J væri frjálst að afturkalla samþykki sitt til nýtingar fósturvísanna. Þá hefði J einnig verið fullvissaður um það að hann mætti afturkalla samþykki sitt. Reglur landsréttar væri skýrar að þessu leyti og væru niðurstaða ítarlegrar umfjöllunar um félagslega, siðferðilega og lagalega þætti tengda framförum í frjösemisslækningum. Þá taldi dómstóllinn að efnislega fælu reglur landsréttar í sér sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja

kynfrumugjafa og tækju tillit til mannlegrar reisnar og frjáls vilja beggja. Það var því álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Þar sem niðurstaðan var sú að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. þótti kærandi ekki geta byggt á því að henni hefði verið mismunað í samanburði við aðrar konur og því var það álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 14. gr.

Fjórir dómarar af 17 skiluðu séráliti.